



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1199
komudagur 9.3.2010

Reykjavík, 08.03.2010
Tilv. 23.1
JS/sdk

**Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða um veiðar í vísindaskyni, 359. mál, 138.
löggj.þing 2009-2010**


Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 22. febrúar 2010 um ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnunin hefur enga athugasemd að gera við tillögu að heimildarákvæði fyrir ráðherra að "setja frekari ákvæði um tilhögun slíkra vísindaveiða í reglugerð" þó ekki verði annað séð en að ráðherra sé innan núverandi lagaheimilda heimilt að kveða nánar um framkvæmd vísindaveiða í reglugerð (sbr. lög nr. 79/1997, 13. og 14. gr.).

Stofnunin vill hins vegar gera fyrirvara um fullyrðingar sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu og varða m.a. spár og ráðgjöf stofnunarinnar og þorskveiðar á síðustu öld. Engum vafa er undirorpið, að staða þorskstofnsins í dag er afleiðing of þungrar sóknar á síðustu áratugum. Þó mikilvægt sé að virkja þekkingu sjómanna til að auka skilning á eðli og ástandi fiskistofnanna eins og fram kemur í greinargerð, orka fullyrðingar um túlkun stöðu þorskstofnsins í Barentshafi einnig tvímælis.

Stofnunin lýsir sig reiðubúna að ræða fram komið frumvarp og efni greinargerðar nánar á vettvangi nefndarinnar ef þess er óskað.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is